bónarbrjef járnsmiðs Jónasar Helgasonar, um, að honum mætti verða veittur styrkur úr landssjóði til að láta prenta nokkur hepti af sönglögum með tilheyrandi textum, eldri og nýrri, og telur hann sig í þessu skyni hafa safnað í eitt hepti af lögum, sem ætluð eru barnaskólum eða byrjöndum, í annað, með fleiri röddum, handa þeim, sem lengra eru komnir, og í þriðja hepti af sálmalögum þeim, er ekki finnast harmoniseruð í þeim útlendu kóral-bókum, sem menn hjer geta átt kost á að afla sjer; — getið þjer þess, að beiðandinn hafi munnlega skýrt frá, að hann búist við að geta á þessu ári fengið prentað eitt hepti, að stærð 4 arkir, og leggið þjer til, að beiðandanum verði veittur hinn umbeðni styrkur, með 20 kr. fyrir hverja prentaða örk. **16** 12. marz.

Fyrir þessa sök skal þjónustusamlega tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er hjer segir:

Með því að mjer er kunnugt, að organisti Pjetur Guðjónsson hefir búið undir prentun kóral-bók, er sjerstaklega er til þess ætluð, að leika eptir á smá-organi, sem nú er farið að tíðka í kirkjum hjer á landi, og að bók þessi muni koma út næsta sumar, finn jeg ekki ástæðu til að veita hinn umbeðna styrk til að gefa út sálmalög. Þar á móti hefi jeg af fje því, sem getur um í 15. gr. fjárlaganna fyrir þetta ár, veitt beiðandanum styrk til að láta prenta hepti af sönglögum, er ætluð eru byrjöndum, með 20 kr. fyrir hverja örk, allt að 4 örkum, og mun styrk þessum verða ávísað til útborgunar, þá er hepti þetta er fullprentað.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* færslu á þingstað. — Með brjefi frá 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer tillögur hlutaðeigandi sýslumanns, hreppstjóra og hreppsnefndar, um, að þingstaður Akraneshrepps verði fluttur frá Heynesi út á Akranes-skaga. Hefir verið tekið fram þessari breytingu til gildis, að Skaginn sje hinn fólksflesti partur hreppsins, en vegna þess, hvað Heynes sje langt frá Skaganum, hafi manntalsþing í Akraneshreppi hingað til verið illa sótt, hreppsbúar hafi ekki getað notað þinghúsið til almennra mannfunda, og hreppsnefndin hafi ekki getað átt þar fundi sína; þar að auki sje þinghúsið á Heynesi ljelegt og þurfi bráðum aðgjörðar við, en á Skaganum megi fá húsrúm til þinghalds í barnaskólahúsi, sem verið sje að efna til að byggja þar úr steini. Þá hafið þjer, herra amtmaður, látið það álit í ljósi, að ekkert sje á móti því, að hið umbeðna leyfi verði veitt, því augljóst sje, að breytingin verði til hægðarauka fyrir meiri hluta hreppsbúa, og sú vegalengd, sem bætist við fyrir nokkurn hluta hreppsins geti enganvegin álitizt nein tilfinnanleg óhægð. **17** 12. marz.

Af hinum tilgreindu ástæðum samþykkist, að þingstaður Akraneshrepps verði fluttur frá Heynesi út á Skaga, með því skilyrði, að hreppsnefndin fyrir manntalsþing 1878 útvegi nægilega stórt og gott húsrúm til þinghalda á síðarnefndum stað, og ber sýslumanni eptir nefnt manntalsþing að senda yður skýrslu um, hvort þetta hafi verið gjört, eða þá, ef hreppsnefndin hefir ekki notað hið veitta leyfi, hvað gjört hafi verið til að endurbæta þinghúsið á Heynesi á viðunandi hátt.

Þetta er yður, herra amtmaður, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* framfærslu-hrepp sveitarómaga. — Eptir að hreppstjórinn í Þingvalla- **18** 12. marz.